

FRAMFARIR Í AKSTRI OG BÆTT AKSTURSHEGÐUN

Hópbílar og Hagvagnar hófu á síðasta ári samstarf við danska fyrirtækið Traffitech. Hugbúnaður fyrirtækisins var settur í okkar bíla en búnaðurinn fylgist með rafrænum hætti með ýmsum þáttum í heilsu bílsins auk þess að rýna í aksturshegðun bílstjóra.

Í kjölfarið hafa bílstjórar í flokki 100 (hópförðadeild) og flokki 400 (landsbyggðarakstur) hitt verkefnastjóra í frammistöðusamtali. Tölfræði sýnir fram á miklar framfarir í aksturshegðun bílstjóra sem er frábært.


Flokkur 100

ÖRYGGISATVIK – beygjur, bremsun, hraðaaukningar



Flokkur 400

ÖRYGGISATVIK – beygjur, bremsun, hraðaaukningar



Myndirnar hér að ofan sýna fram á miklar framfarir í aksturshegðun bílstjóra. Frekari upplýsingar og samanburðartölfræði má finna á bls. 4 en þar er rýnt í lausagang og eldsneytisnotkun.

Bílstjórar í flokki 500 sem er Akstursþjónusta PANT á okkar vegum munu í október mánuði verða boðaðir til frammistöðusamtals. Áhugavert verður að rýna í akstur þeirra í kjölfarið.



HÓPBÍLAR



Í fréttabréfinu

Framfarir í akstri og bætt aksturshegðun	1
Aksturshegðun og samanburðar tölfræði	2
Starfsemi á Melabraut og Eyratröð	3
Framfarir í lausagangi	4
Eldsneytisnotkun til fyrirmyndar	4

AKSTURSHÉÐUN OG SAMANBURÐAR TÖLFRÆÐI SEPTEMBER 2024

Hér gefur að líta heildaryfirlit um aksturshegðun og samanburðar tölfræði bílstjóra Hópbíla og Hagvagna. Hópnum er skipt upp í fjóra flokka. Flokkur **100** er hópferðadeild, flokkur **200** er strætisvagnadeild, flokkur **400** eru landsbyggðarvagnar og flokkur **500** eru bílar í akstursþjónustu fatlaðra og eldra fólks. Vert er að taka fram að flokkur 200 er skemmra á veg kominn í kerfinu.



SKIPULAG Á MELABRAUT 18 OG EYRARTRÖÐ 2 SEPTEMBER 2024

Starfsemi Hópbíla og Hagvagna í Hafnarfirði er staðsett við Melabraut og Eyrartröð. Skrifstofa Hópbíla og Hagvagna er staðsett á Melabraut 18 (M18). Rekstrar- og akstursdeild er hins vegar staðsett á Eyrartröð 2 (E2). Á milli þessara tveggja starfsstöðva er stórt bílastæði, verkstæði og þvottastöð fyrirtækjanna.

SKRIFSTOFA

M18



Skrifstofustjóri, fjármál, sölusvið, laun og bókhald, gæða- og mannauðsmál, akstursþjónusta PANT og innkaup

VERKSTÆÐI

M18



Stjórnun verkstæðis, starfsmenn verkstæðis og starfsmenn á lager

VAKTSTJÓRN

E2



Vaktstjórn, umsjón Hagvagna (strætó), umsjón landsbyggðaraksturs

REKSTUR

E2



Rekstur akstursdeildar, rekstrarstjóri og verkefnastjóri

ÞVOTTASTÖÐ

PLAN




Rekstur þvottastöðvar, neyðarvakt, næturvakt

FRAMFARIR Í LAUSAGANGI


Þegar rýnt er í upplýsingar um heildar lausagang og hlutfallslegan heildar lausagang má sjá framfarir hjá bílstjórum hvað þennan þátt varðar.

Mjög vel er fylgst með lausagangi bílaflotans enda margar mýtur í gangi hvað þetta varðar. Til að mynda þarf ekki að hafa bíl í lausagangi til þess að hita bíl fyrir farþega í flestum okkar bílum.

Flokkur 100 LAUSAGANGUR




Flokkur 400 LAUSAGANGUR




ELDSNEYTISNOTKUN TIL FYRIRMYNDAR

Bílstjórar okkar standa sig frábærlega hvað eldsneytisnotkun varðar l/100km. Til fróðleiks má geta þess að meðaltal sambærilegra fyrirtækja á Norðurlöndum er yfir 30,00 l/100km.

Flokkur 100 Eldsneytisnotkun



Flokkur 400 Eldsneytisnotkun



Hópbílar hf.
Melabraut 18
220 Hafnarfirði

Umsjón, skrif og ábyrgð:
Leifur S. Garðarsson
Verkefnastjóri

